

Ed.

312. Frumvarp til laga

um drykkjumannahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal drykkjumannahæli, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi fyrir árslok 1937.

2. gr.

Ríkið starfrækir hælið á sinn kostnað, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, en lætur vistmenn þess eða framfarendur þeirra greiða sömu meðgjöf og greidd er í geðveikrahælum ríkisins. Heilbrigðisstjórnin setur hælina reglugerð og ræður því forstjóra og lækni.

3. gr.

Sá, sem sýnir vottorð héraðslæknis síns um, að hann þurfi að dveljast í drykkjumannahæli, og skuldbindur sig til að verða þar að minnsta kosti 6 mánuði og hlýða settum heimilisreglum, á rétt á að fá áhyrgð framfærslusveitar sinnar, eins og um sjúkrahússvist væri að ræða, ef hann brestur fé til að greiða þann hluta dvalarkostnaðarins, sem ríkissjóður greiðir ekki.

4. gr.

Fari maður, sem svo er ástatt um sem segir í 3. gr., frá hælina í leyfisleysi, áður en hinn ákveðni tími er liðinn, ber honum að greiða allan dvalarkostnað sinn í hælina.

5. gr.

Berist framfærslunefnd eða sveitarstjórn umkvartanir um drykkjuskap manns í því framfærsluhéraði, eða tilmæli frá fjölskyldu hans eða lögreglustjóra um, að manni þessum sé ráðstafað í drykkjumannahæli, þá ber framfærslunefndinni eða sveitarstjórninni að rannsaka málið og leita umsagnar héraðslæknis. Leiði sú rannsókn í ljós, að maðurinn geti ekki séð fyrir sér eða skylduliði sínu vegna drykkjuskapar, og héraðslæknir mælir með ráðstöfun mannsins í drykkjumannahæli, þá getur framfærslunefndin eða sveitarstjórnin, þar sem hann á lögheimili, fyrirskipað honum 6–16 mánaða dvöl í drykkjumannahæli.

6. gr.

Fyrirskipun framfærslunefndar eða sveitarstjórnar samkvæmt 5. gr. getur hlutaðeigandi maður skotið til ráðherra. Sömu heimild hafa aðstandendur, sem

hann er til þyngsla sökum drykkjuskapar, og lögreglustjóri, ef framfærslunefnd eða sveitarstjórn skipta sér ekki af málinu. Úrskurður ráðherra gerir út um málið.

7. gr.

Þegar styrkþegi hefir notið framfærslustyrks í 6 mánuði eða lengur og það þykir sannað, að drykkjuskap hans sé um að kenna, gilda um hann sömu fyrirmæli og segir í 5. og 6. gr. í lögum þessum, enda þótt framfærslustjórn hafi ekki borizt kærur um drykkjuskap hans.

8. gr.

Neiti maður að hlýða fyrirskipun eða úrskurði um hælissvist, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að sjá um flutning hans til hælisisins.

9. gr.

Nú þrýtur rúm í drykkjumannahæli, og getur þá framfærslunefnd eða sveitarstjórn ráðstafað drykkjumönnum um stundarsakir í vinnuhæli eða sjúkrahús, eftir því hvernig heilsufari þeirra er varið.

10. gr.

Fari maður, sem ráðstafað hefir verið í drykkjumannahæli samkvæmt lögum þessum, í leyfisleysi frá hælínu, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn krafizt þess, að hlutaðeigandi yfirvald flytji hann þangað aftur og dvalartími hans þar verði tvöfaldaður. Þó má síðar stytta þann dvalartíma, ef forstöðumaður hælisisins og læknir þess telja, að heilbrigðisástand hans sé þannig orðið, að hann geti séð fyrir sér sjálfur.

11. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og rikið hefir stofnað drykkjumannahæli, eða heilbrigðismálastjórnin hefir viðurkennt þesskonar hæli, sem bæjarfélög eða einstakir menn kynnu að stofna.

Verði samsvarandi hæli stofnað fyrir drykkfelldar konur, gilda um hælissvist þeirra hin sömu lög.

G r e i n a r g e r ð .

Efri deild Alþingis samþykkti 8. nóvember f. á. þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og sérstaka löggjöf þar að lútandi. Þar sem ekki bólar enn á neinu slíku frumvarpi frá stjórninni, flyt ég frumvarp þetta.

Þegar fyrrgreind þingsályktunartillaga var til meðferðar hér í deildinni, leitaði háttv. allshn. álits Barnaverndarráðs Íslands um málið. Barnaverndarráðið skrifaði lögreglustjórum og spurði um, hvort þeir teldu þörf á drykkjumannahæli, og hve marga þeir vissu um, hver í sinu umdæmi, sem þyrftu að komast í slíkt hæli, ef til væri.

Barnaverndarráðið sendi síðan ýtarlegt bréf til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis ásamt köflum úr bréfum frá 5 lögreglustjórum, og mælti eindregið

með málinu, taldi það „æskilegt, að ríkið léti nú þegar stofna 2 hæli til björgunar drykkfelldu fólki, annað fyrir karlmenn, hitt fyrir konur, — því að engar líkur munu til að einstaklingar eða félög ráðist í þau fyrirtæki hérlendis sem stendur, þótt það hafi vel gefizt hjá nágrannaþjóðum vorum.“

Bréfkaflarnir og skýrslurnar, sem Barnaverndarráðið sendi, sýna vel, hve þörfin er brýn og almenn.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað skrifar 23. september 1935:

„Um stofnun drykkjumannahælis vil ég taka fram, að ég tel það hið mesta nauðsynjamál, sem þarfnast skjótrar framkvæmdar. En ég vil jafnframt geta þess, að ég tel enn meiri nauðsyn á, að komið verði upp fávita-hæli.

Hér í undæminu eru þrír drykkjumenn, sem þörfnuðust vistar á drykkju-mannahæli.“

Bæjarfógetinn á Ísafirði skrifar 26. sept. 1935:

„Drykkjumannahæli með góðu fyrirkomulagi gæti verið til mikils gagns. Sérstaklega vil ég benda á, að æskilegt væri, að í sambandi við slíkt hæli væri deild, þar sem hægt væri að láta þá menn, er sekir gerast um mjög tíð ölvunar-brot, taka út refsingu sína, í stað þess að afplána hana í venjulegum fangelsum.

Hvað viðvikur tölu þeirra manna í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, er vistar mundu þarfnast á slíku hæli, er það að segja, að slíkt er einatt álitamál, en vart mun hér nú sem stendur vera um að ræða fleiri menn en 2 til 3, er slíkrar vistar þarfnast.“

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum skrifar 30. sept. 1935:

„Fyrir liðugt átta árum, meðan Ísland var enn talið í tölu „bannlanda“, vakti ég máls á þörfinni á slíkri stofnun, og sú skoðun, sem ég þá hafði á nauð-syn þessa máls, hefir ekki breytt nú, þegar landið ekki lengur er bannland. Er það álit mitt, að þetta hæli komi því aðeins til mála, að það sé í rauninni „sjúkrahús“, þ. e. a. s. stofnun, þar sem menn eru læknaðir af drykkjuskaparfýsn og afleiðingum hennar, og þarf „hælið“ þess vegna a. m. k. að vera í tveim aðal-deildum. Önnur fyrir þá, sem „leggjast inn“ af fúsum vilja, og hin fyrir þá, sem hið opinbera „leggur inn“ eða aðstandendur að gefnum úrskurði um það. Auk þess vitanlega undirdeildir, eftir því hvort menn eru „króniskir alkoholistar“, hættulegir þjóðfélaginu, er þeir eru ölvaðir, o. s. frv.

Það er ávallt mikið álitamál, hverjir hafa þörf á slíkri hælsvist, og oft vita fáir um það nema menn sjálfir og þeir allra nánustu. Ég mundi gera ráð fyrir, að hér væru ýmsir ungir menn sjálfsagðir, sem aðrir ekki telja þurfa hjálpar við. Langflestir hér mundu telja eitthvað 5—6 sjálfsagða. Ég mundi álita, að fleiri „létt tilfelli“ kæmu til greina, ef hælið væri ætlað til „frjálsra“ afnota.“

Bæjarfógetinn á Akureyri skrifar 11. okt. 1935:

„Eftir upplýsingum, er ég hefi fengið frá lögregluþjónunum hér á Akureyri, má gera ráð fyrir, að 10 menn þyrftu að fá vist í drykkjumannahæli frá Akur-eyrarbæ. Hinsvegar hafa hreppstjórar sýslunnar skýrt mér svo frá, að þeir þekki engan, er þurfi að fara á slíkt hæli.“

Bæjarfógetinn á Siglufirði skrifar 14. okt. 1935:

„Ég álit, að enginn drykkjumaður hér þarfnist hælsvistar, a. m. k. ekki eins og er.“

Lögreglustjóri Reykjavíkur sendi 11. nóv. 1935 ýtarlega sundurliðaðar skýrslur um ölvunarbrot, sem mikinn fróðleik flytja, og fer hér á eftir útdráttur úr sumum þeirra:

	1931	1932	1933	1934	1935 1/1-1/11
Tala ölvunarbrotu	639	662	554	512	567
Settir i varðhald vegna ölvunar	326	339	408	422	454

Af þeim 567 kærnum um ölvunarbrot, sem lögreglan í Reykjavík fékk til meðferðar 10 fyrstu mánuði ársins 1935, „voru 503 um ölvunarbrot einungis, en 64 um ölvunarbrot samfara ýmsum öðrum brotum, t. d. ölvun við bifreiðaakstur, mótþróa við lögreglu, spellvirki o. fl.“.

Ölvunarbrot í Reykjavík 1. jan. til 31. okt. 1935, og itrekun þeirra brota af hálfu sömu sakborninga frá byrjun:

Aldur	1. sinn		2. sinn		3. sinn		4. sinn		5.-9. sinn	10.-20. sinn	21.-40. sinn	41.-79. sinn	Alls
	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur	karlar	karlar	karlar	karlar	
16--20 ára ..	13	„	3	„	1	„	„	„	2	„	„	„	19
21--30 — ..	70	2	37	2	13	2	10	„	20	13	4	1	174
31--40 --- ..	30	„	12	„	8	„	12	1	14	10	6	1	94
41--50 --- ..	11	„	8	„	2	„	3	„	11	7	6	„	48
51--65 --- ..	7	„	6	„	1	„	1	„	6	3	1	1	26
Óviss aldur ..	3	„	„	„	„	„	„	„	„	„	„	„	3
Alls	134	2	66	2	25	2	26	1	53	33	17	3	364

296 þessara manna áttu heima í Reykjavík, 44 í öðrum kaupstöðum og þorpum, 15 í sveitum, 6 erlendis og 3 voru heimilislausir.

Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, er skýrslurnar samdi fyrir hönd lögreglustjóra, segir í bréfinu, sem þeim fylgdi, meðal annars:

„Af þessum 364 körlum og konum hafa 113 ekki, svo kunnugt sé, áður sætt kærnu eða refsingu í Reykjavík, en hinir, 251 talsins, hafa allir meira og minna sætt kærnum og refsingum, margir þeirra mörgum sinnum og fyrir slæm afbrot. Kærur og refsingar á hendur þeim til ársloka 1934 fyrir aðrar sakir en ölvun eru samtals 458.

Þá er það og alkunna, að ekki allfáir menn eru hér í Reykjavík og sennilega víðar á landinu, sem neyta áfengis í svo stórum stíl, að til ofdrykkju má telja, enda þótt nöfn þeirra finnist hvergi færð í hegningarskrá lögreglunnar.“

Samkvæmt tilmælum Barnaverndarráðs taldi fangavörður, Jón Sigtryggsson, saman í bókum sínum þá, sem settir voru í hegningarhúsið í Reykjavík fyrir ölvunarbrot þau 6 ár, sem hann hefir verið fangavörður. Skýrir hann svo frá, að um 120 karlmenn hafi verið „settir inn“ oftar en þrisvar fyrir ölvun, og um helmingur þeirra sé í raun rétttri ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap og þyrfti hælsvist, ef til væri.

Ennfremur hafa 8 kvenmenn verið settar oft í hegningarhúsið fyrir ölvun, og miklu fleiri einu sinni. Þeim er oft sleppt við sekt, þótt þær séu settar inn næturlangt, og eru þá ekki skrásettar í bókum lögreglunnar, — og því eru þær svo fáar taldar í skýrslunni hér að framan.

Af framanskráðu er auðsætt, að þörfin er hrýn á drykkjumannahæli, enda mun enginn mæla á móti því. Hitt er ýmsra manna mál, að rikissjóður hafi ekki efni á að ráðast í þennan kostnað fyrst um sinn. En þá mætti spyrja: Hvað kostar lögreglu eftirlit með öllum þessum ofdrykkjumönnum og margföld lögbrot þeirra? Og hvað kostar framfærsla þeirra heima fyrir? — Landlæknir býst við, að rikissjóði myndi sparast 40—50 þús. kr. í uppbótargreiðslum á fátækraframfæri til hreppa, ef ofdrykkjumönnum yrði ráðstafað í sérstakt hæli (sbr. greinargerð með frumvarpi til laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla).

Í góðum erlendum drykkjumannahælum fá um eða yfir 60% vistmanna fullan bata. Hver getur reiknað þann gróða?

Nálægt 100 manns þurfa þessa hælsvist, samkvæmt fyrrgreindum skýrslum. Þótt rikissjóður verði um 50 þús. kr. þeim til bjargar af milljónagróða áfengisverzlunarinnar, þá væri það ekki til of mikils mælt. Sé varúðar gætt og hægt farið af stað meðan reynslan er að kenna, hvernig bezt sé að haga hælina, verður kostnaður þeim mun minni.

Einstakar greinar frumvarpsins, aðrar en þær fyrstu 2, eru að ýmsu leyti sniðnar eftir síðustu lögum Dana um þetta efni, en þar í landi eru elztu hæli drykkjumanna orðin 30 ára gömul.

Um 1. og 2. gr.

Æskilegt væri, að þessi hæli, ef fleiri verða, fengju samnefni, sem ekki væri kennt við drykkjuskap, en fyrsta hælið mun að sjálfsögðu bera nafn þeirrar jarðar, sem keypt verður handa því. Að öðru leyti virðast þessar greinar ekki þurfa frekari skýringar en hér eru að framan.

Um 3—7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þrennskonar orsökum eða aðdraganda að hælsvistinni:

1. Menn biðji um hana að fyrri bragði.
2. Kærur eða umkvartanir annara.
3. Framfærslukostnaður fyrir langvarandi ofdrykkju.

Í 3. og 4. gr. ræðir um 1. lið. Hjá Dönnum og Norðmönnum og víðar þykir óhyggilegt, að slík hælsvist sé að jafnaði styttri en heilt ár. Hér er þó ekki lengra farið en að áskilja skemmstu vist 6 mánuði, af því að hætt er við, að lengri lögskipuð vist mundi fæla menn frá hælina. Hvarvetna eru einhver viðurlög lögð við leyfislausri brottför, þar eð hún þykir spilla góðum árangri dvalarinnar og sjálfsögðum heimilisaga.

Í 5.—6. gr. ræðir um 2. lið og virðist ekki þurfa sérstakar skýringar.

7. gr. ræðir 3. lið. Sé ofdrykkjumaður framfærslusveit sinni til langvarandi þyngsla, þykir þessi ráðstöfun sjálfsögð, enda þótt beinar kærur um framferði hans hafi ekki komið fram, er stundum stafar af því einu, að vandamenn hans þora ekki að kvarta.

Um 8.—11. gr.

Virðist ekki þurfa að ræða frekar en gert verður í framsögu.